

Vegagerðin
b.t. Margrét Silja Þorkelsdóttir
Miðhúsavegur 1
600 Akureyri

Dags: 14. janúar 2021
Málsnúmer: 2007015


Efni: Svar Vatnajökulsþjóðgarðs vegna Dettifossvegar

Vegagerðin áformar að leggja bundið slitlag á veg um Vesturdal að Hljóðaklettum. Um leið á að malbika bílastæði við Hljóðakletta og tjaldsvæði í Vesturdal. Vegurinn sem hér um ræðir er þjóðvegur innan Vatnajökulsþjóðgarðs, með vegnúmer 888, og tilgreindur í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Þar er kveðið á um að legu vegarins skuli breytt og að gera skuli nýjan útsýnis- og áningarstað með gönguleiðatengingum. Sá áfangastaður er á Langavatnshöfða og framkvæmdin langt komin. Jafnframt hefur legu Vesturdalsvegar 888 verið breytt þannig að hann myndar nú T-gatnamót við nýjan veg að Langavatnshöfða.


Vinna við framkvæmdir þessar hófst haustið 2019. Vinnan stöðvaðist sumarið 2020 þar sem Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) kærðu framkvæmdina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Í framhaldi af því funduðu fulltrúar Vatnajökulsþjóðgarðs og Vegagerðarinnar með fulltrúum SUNN, bæði í vettvangsferð og fjarfundi, þar sem farið varð yfir athugasemdir samtakanna. Uppfærð hönnunargögn voru afhent SUNN með tölvupósti í desember 2020 og samtökunum boðið að funda með Vatnajökulsþjóðgarði og Vegagerðinni um þau, en því boði var hafnað. Jafnframt höfnuðu samtökin því að senda inn skriflega umsögn um hönnunargögnin.

Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa haft samráð við starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs vegna framkvæmdarinnar. Framkvæmdin hefur einnig fengið umfjöllun í svæðisráði norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Svæðisráð hefur lagt áherslu á að áfram verði um einbreiðan veg að ræða, að reynt verði að lágmarka hæð vegarins og bílastæða yfir umhverfi sitt og að vandað verði við frágang á vegköntum. Vegagerðin hefur breytt veggögnun í samræmi við óskir svæðisráðs og er framkvæmdin eins og henni er nú lýst í hönnunargögnum í góðu samræmi við áherslur þjóðgarðsins. Þar að auki er tekið tillit til athugasemda SUNN upp að því marki sem raunhæft er. Vatnajökulsþjóðgarður samþykkir því áform Vegagerðarinnar og hvetur til þess að veitt verði öll tilskilin leyfi fyrir framkvæmdinni.

Virðingarfyllt,



Magnús Guðmundsson
framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs



Guðmundur Ögmundsson
þjóðgarðsvörður í Jökulargljúfrum